



Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

Félagsleg réttindi þín

á Spáni

Þær upplýsingar sem fram koma í þessari handbók hafa verið samdar og uppfærðar í náninni samvinnu við innlenda hliðstæðu Hins Gagnkvæma upplýsingakerfis ESB um félagslega vernd (Mutual Information System on Social Protection - MISSOC).

Frekari upplýsingar um MISSOC tengslanetið má nálgast hjá:

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=815>

Handbókin er almenn lýsing á almannatryggingakerfum viðkomandi landa. Frekari upplýsingar fást í öðru efni sem MISSOC hefur gefið út og er allt fánlegt gegnum framangreindan tengil. Þér er einnig heimilt að hafa samband við til þess bær yfirvöld og stofnanir sem taldar eru upp í Viðauka við þessa handbók.

Hvorki framkvæmdastjórn Evrópusambandsins né nokkur fulltrúi á vegum hennar verður gerður ábyrgur fyrir notkun upplýsinga sem fram koma í riti þessu.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| I. Kafli: Inngangur, skipulag og fjármögnun | 4 |
| Inngangur..... | 4 |
| Skipulag félagslegrar verndar | 5 |
| Fjármögnun | 6 |
| II. Kafli: Heilsugæsla | 8 |
| Hvenær átt þú rétt á heilsugæslu? | 8 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 8 |
| Hvernig fær maður heilsugæslu?..... | 9 |
| III. Kafli: Sjúkrabætur í peningum | 11 |
| Hvenær átt þú rétt á sjúkrabótum í peningum? | 11 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 11 |
| Hvernig fást sjúkrabætur í peningum? | 12 |
| IV. Kafli: Bætur til mæðra og feðra vegna meðgöngu og fæðingar | 13 |
| Hvenær átt þú rétt á bótum til mæðra og feðra vegna meðgöngu og fæðingar? | 13 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 13 |
| Hvernig á að fá bætur vegna mæðraorlofs og feðraorlofs? | 14 |
| V. Kafli: Örorkubætur..... | 15 |
| Hvenær átt þú rétt á örorkubótum?..... | 15 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 16 |
| Hvernig fær maður örorkubætur? | 17 |
| VI. Kafli: Ellilífeyrir og bætur til aldraðra..... | 18 |
| Hvenær átt þú rétt á bótum til aldraðra?..... | 18 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 19 |
| Hvernig fást bætur aldraðra?..... | 19 |
| VII. Kafli: Bætur fyrir eftirlifendur | 20 |
| Hvenær átt þú rétt á bótum fyrir eftirlifendur?..... | 20 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 21 |
| Hvernig á að fá bætur fyrir eftirlifendur?..... | 22 |
| VIII. Kafli: Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma | 23 |
| Hvenær átt þú rétt á bótum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma? | 23 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 23 |
| Hvernig fást bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma? | 24 |
| IX. Kafli: Fjölskyldubætur | 25 |
| Hvenær átt þú rétt á fjölskyldubótum? | 25 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 25 |
| Hvernig á að fá fjölskyldubætur? | 25 |
| X. Kafli: Atvinnuleysi..... | 26 |
| Hvenær átt þú rétt á atvinnuleysisbótum?..... | 26 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 27 |
| Hvernig á að fá atvinnuleysisbætur?..... | 28 |
| XI. Kafli: Lágmarksframfærsla | 29 |
| Hvenær átt þú rétt á bótum vegna lágmarksframfærslu? | 29 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 29 |
| Hvernig er hægt að fá bætur vegna lágmarksframfærslu? | 31 |
| XII. Kafli: Langtíma umönnun | 32 |
| Hvenær átt þú rétt á langtíma umönnun? | 32 |
| Hvaða þættir eru tryggðir? | 32 |
| Hvernig er langtíma umönnun metin? | 33 |
| Viðauki: Hagnýt pósthöng og vefsíður | 34 |

I. Kafli: Inngangur, skipulag og fjármögnun

Inngangur

Almannatryggingakerfið á Spáni býður upp á tvenns konar vernd: kerfi sem byggist á framlögum og iðgjaldafrjálst kerfi.

Kerfi sem byggist á framlögum

Spænska almannatryggingakerfið er með tvenns konar kerfi sem byggjast á framlögum:

- Almennt kerfi sem gildir um alla launþega sem ekki eru tryggðir samkvæmt sérstökum kerfum auk ákveðinna tegunda opinberra starfsmanna, og
- Þrjú sérstök kerfi handa: sjálfstætt starfandi, kolanámumenn og starfsfólk til sjávar (farmenn og fiskimenn).

Námsmenn eru tryggðir samkvæmt sérstakri verndaráætlun (skólatrygging). Einnig er um að ræða sérstakt kerfi byggt á framlögum fyrir opinbera starfsmenn.

Iðgjaldafrjálst kerfi

Einstaklingar sem eru í sérstökum neyðaraðstæðum og þegar tekjur þeirra eru undir sérstökum mörkum sem mælt er fyrir um eiga rétt á iðgjaldafrjálsum bótum. Þeir kunna að eiga rétt á þessu jafnvel þótt þeir hafi aldrei greitt framlög til almannatrygginga, eða þeir hafa gert það en eiga ekki rétt á bótum samfara því samkvæmt framlagakerfinu.

Iðgjaldafrjálssar bætur eru m.a.:

- Læknishjálp;
- Eftirlaunagreiðslur og örorkugreiðslur;
- Sérstök aðstoð handa atvinnulausum (*subsídio por desempleo*);
- Fjölskyldugreiðslur;
- Iðgjaldafrjálssar greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (*subsídio por maternidad de naturaleza no contributiva*) (athugun á þörf ekki gerð).

Að auki geta sérstakir takmarkaðir flokkar einstaklinga farið fram á viðbótarbætur frá ríkinu eða staðbundnum stjórnvöldum. Félagsleg aðstoð er aðallega veitt öldruðum og fötluðum.

Frjáls trygging

Spænska kerfið býður upp á möguleika að gerðir séu sérstakir frjálsir samningar við þjónustuaðila almannatrygginga í því skyni að viðhalda, eða í sérstökum tilvikum að víkka út réttindi til bóta almannatrygginga.

Í sérstökum tilvikum kann þetta að þýða að gerast áskrifandi að félagslegum verndarkerfum og fer það eftir starfi viðkomandi einstaklings. Í slíkum tilvikum er framlag til tryggingar alfarið greitt af áskrifanda.

Skráning

Á Spáni verður einstaklingur sem kemur inn á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn að skrá sig hjá almannatryggingaþjónustunni og gerast aðili að tryggingakerfi varðandi þá tegund starfs sem hann stundar. Þetta þarf að gera innan ákveðinna tímamarka. Sjálfstætt starfandi einstaklingur verður að gera þetta sjálfur, að öðrum kosti er það á ábyrgð vinnuveitanda.

Skráning hjá almannatryggingaþjónustunni er lögboðin. Þetta er aðeins gert einu sinni þegar einstaklingur byrjar að vinna í fyrsta sinn og gildir alla starfsævi hans. Þegar einstaklingur er búinn að láta skrá sig er honum fengið skráningarskírteini með persónulegum upplýsingum um hann ásamt almannatryggingakenninúmeri hans. Skírteini þetta er gilt alla ævi einstaklingsins og er notað varðandi öll samskipti hans við almannatryggingakerfið þannig að vandlega þarf að geyma skírteinið.

Engum er heimilt að vera samtímis tryggður samkvæmt tveimur almannatryggingakerfum vegna sama starfs. Þegar einstaklingur er búinn að skrá sig í viðkomandi almannatryggingakerfi og er byrjaður að vinna byrjar hann að greiða framlög til almannatrygginga og er sjálfkrafa tryggður. Breytingar á atvinnustöðu einstaklings, t.d. breytt um starf, eða tímabil atvinnuleysis, hafa áhrif á tryggingarstöðuna. Tímabil þegar einstaklingur er starfandi og greiðir framlög eru nefnd „*altas*“, og tímabil þegar ekki er unnið eru nefnd „*bajas*“.

Almennt verður einstaklingur að vera launaður starfsmaður og greiða framlög til að eiga rétt á bótum. Hins vegar eru nokkrar aðstæður sem teljast vera tryggingaframlagstímabil (*alta asimilada*), jafnvel þótt einstaklingurinn sé ekki í launuðu starfi.

Á sama hátt, og að því tilskyldu að ákveðnum skilyrðum sé fullnægt, getur einstaklingur sem ekki greiðir framlög engu að síður átt rétt á ellilífeyri, lífeyris vegna varanlegrar óvinnufærni (algjör varanleg óvinnufærni eða alvarleg óvinnufærni), og bætur vegna andláts og bætur handa eftirlifendum (að undanteknum jarðarfararstyrk).

Sérstakt kerfi handa opinberum starfsmönnum

Opinberir starfsmenn, fólk í herliði og aðrir opinberir starfsmenn eru tryggðir samkvæmt sérstöku almannatryggingakerfi þó svo ákveðnir flokkar opinberra starfsmanna tilheyra hinu almenna almannatryggingakerfi.

Þetta sérstaka kerfi tryggir:

- Atvinnustarfsfólk í opinberri þjónustu;
- Atvinnufólk í herliði;
- Embættismenn dómstóla, löggjafarvalds og annarra ríkisstofnana eða stjórnarskrárbundinna stofnana kveði gildandi lög svo á.

Skipulag félagslegrar verndar

Spænska almannatryggingakerfið er undir yfirstjórn eftirtalinna stofnana.

Aðalskrifstofa tekjudeildar almannatrygginga (*Tesorería General de la Seguridad Social - TGSS*) heldur skráningargögn varðandi félög, launaða starfsmenn og sjálfstætt

starfandi einstaklinga, vaktar atvinnustöðu þeirra og framlög til almannatrygginga, innheimtir framlög til almannatrygginga og greiðir út allar bætur. Hún sér einnig um stjórn varasjóðs almannatrygginga.

Almannatryggingastofnun ríkisins (*Instituto Nacional de la Seguridad Social - INSS*) annast úthlutun á og útreikning allra bóta í peningum sem veittar eru samkvæmt öllum kerfum (nema samkvæmt sérstöku kerfi varðandi starfsfólk til sjávar, greiðslur til aldraðra og fatlaðra og atvinnuleysisbætur) og allra fjölskyldubóta (samkvæmt öllum kerfum, þ.m.t. sérstakt kerfi fyrir starfsfólk til sjávar).

Félagsstofnun starfsfólks til sjávar (*Instituto Social de la Marina - ISM*) gegnir tvíþættu hlutverki. Stofnunin annast bæði félagsleg vandamál í siglingageiranum og sjávarútvegsgeiranum og fer með yfirstjórn sérstaka almannatryggingakerfisins vegna starfsfólks til sjávar.

Heilsugæsla er undir yfirstjórn heilbrigðisþjónustu sjálfstjórnarhéraðanna, og í Ceuta og Melilla, er hún undir yfirstjórn landsstofnunar heilbrigðismála (*Instituto Nacional de Gestion Sanitaria - INGESA*).

Stofnun fyrir aldraða og félagsþjónustan (*Instituto de Mayores y Servicios Sociales - IMSERSO*) annast ásamt sjálfstjórnarhéruðunum, lífeyrisgreiðslur samkvæmt iðgjaldafrjálsa kerfinu, bætur handa öldruðum og fötluðum og tengda félagsþjónustu. Hún fer einnig með langtíma umönnunarkerfi.

Opinbera vinnumiðlun ríkisins (*Servicio Público de Empleo Estatal - SPEE*) sér um og athugar atvinnuleysisbætur. Hún ber einnig ábyrgð á gerð stefnuáætlana í atvinnumálum í samstarfi við sjálfstjórnarhéruðin fyrir milligöngu vinnumiðlana (*Oficinas de Empleo*).

Hin sérstöku kerfi fyrir opinbera starfsmenn eru undir yfirstjórn sérstakra opinberra stofnana.

Málskot

Allir sem eru ósáttir við ákvörðun almannatryggingastofnunar geta lagt fram kæru til þeirrar stofnunar innan þrjátíu daga frá því tilkynnt var um ákvörðun. Hafni stofnunin kærinni er hægt að skjóta málinu til félagsmálanefndar á staðnum (*Juzgado de lo social*). Frekari aðgerðir felast í því að leggja fram kröfu til yfirdómstigs þess sjálfstjórnarhéraðs sem félagsmálanefndin er í.

Fjármögnun

Um leið og einstaklingur byrjar að vinna byrjar hann að greiða framlög til almannatrygginga. Framlögin eru reiknuð sem hlutfall (framlagsflokkur) af framlagsgrunni. Þessir framlagsgrunnar og flokkar eru ákvarðaðir af stjórnvöldum ár hvert.

Í almenna tryggingarkerfinu samsvarar framlagsgrunnur um það bil raunverulegum fastalaunum launþega. Hins vegar er lágmarkstaxti sem samsvarar lágmarkslaunatryggingu (*SMI*) sem hækkuð er um einn sjötta hluta þegar um er að ræða fullt starf, og hámarkspak sem samsvarar lítið eitt yfir fimmfaldri lágmarkslaunatryggingu.

Þegar um er að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga er miðað við fastan lágmarksgrunn og fast hámarksþak framlaga og þeir verða að greiða framlög sem reiknuð eru a.m.k. miðað við lágmarksgrunn. Þessir aðilar geta hins vegar valið hærri grunn, upp að því hámarki sem mælt er fyrir um, sem þeir geta á síðari stigum breytt innan settra marka. Við sérstakar aðstæður geta þeir einnig samkvæmt eigin ákvörðun uppfært tryggingarvernd sína þannig að hún nái einnig til tryggingar gegn vinnuslysum og atvinnusjúkdómum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar bera ábyrgð á því að greiða eigin framlög til almannatrygginga. Þegar um er að ræða einstaklinga í launuðum störfum eru framlög þeirra dregin af launum þeirra, og flutt yfir í aðalskrifstofu tekjudeildar almannatrygginga af vinnuveitanda ásamt hans eigin framlögum. Framlög vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma eru alfarið greidd af vinnuveitanda.

Langtíma umönnunarbætur eru fjármagnaðar af ríkinu, sjálfstjórnarhéruðunum (*Comunidades Autónomas*), í samstarfi við staðbundnar stofnanir og þátttöku bótaþega þar sem það á við. Fjölskyldubætur eru einnig fjármagnaðar með skattfé.

Opinberir starfsmenn verða að greiða framlög til samsvarandi tryggingaráætlunar og lífeyrissjóðs.

II. Kafli: Heilsugæsla

Hvenær átt þú rétt á heilsugæslu?

Hverjir eru tryggðir?

- Skráðir starfsmenn sem eru aðilar að félagslegu verndarkerfi eða sem eru í sambærilegri stöðu. Þegar skoða þarf hverjir eru tryggðir þá eru starfsmenn taldir njóta fullrar tryggingarverndar jafnvel þó vinnuveitandi þeirra hafi ekki efnt tryggingarskuldbindingu sína.
- Lífeyrisþegar og þeir sem fá bætur almannatrygginga með ákveðnu millibili;
- Atvinnulausir einstaklingar sem hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta og greiðslna.

Aðgangur að sjúkratryggingu er einnig veittur fjölskyldumeðlimum tryggðra einstaklinga svo lengi sem þeir hafa búsetu á Spáni, þ.m.t. undir vissum kringumstæðum:

- Maki einstaklings sem tryggður er, eða einstaklingur sem hefur verið í sambúð með hinum tryggða í a.m.k. eitt ár og börn þess einstaklings.
- Afkomendur hins tryggða og maka hans í beinan legg, án tillits til lögvensla þeirra, bræður og systur hins tryggða, og fósturbörn, yngri en 26 ára eða með fötlunarstig að minnsta kosti 65%;
- Ættleiðd börn og ólögráða börn sem eru í fóstri meðan ættleiðingarferli er í gangi, yngri en 26 ára eða með fötlunarstig að minnsta kosti 65%.

Þeir sem eru skildir að borði og sæng eða fráskildir eða þar sem hjónaband hefur verið ógilt og eru ekki tryggðir með öðrum hætti kunna samt sem áður að vera með aðgang að tryggingu þann tíma sem aðalbótaþegi á rétt á sjúkratryggingabótum.

Sumir flokkar Spánverja sem flytja úr landi og sumir fjölskyldumeðlima þeirra, meðan þeir dveljast tímabundið á Spáni eða við heimkomu þeirra geta gerst aðilar að heilsugæslukerfi svo framarlega sem þeir eiga ekki anna rétt á heilsugæslu.

Heilsugæsla er einnig veitt einstaklingum með lagalega búsetu hvers tekjur eru ekki umfram lagalega viðmiðið. Mælt er fyrir um nákvæm skilyrði sem varða aðallega búsetu og skort á tryggingarvernd samkvæmt almannatryggingum. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt kann einstaklingur aðeins að eiga rétt á neyðaraðstoð þegar um er að ræða alvarleg veikindi eða slys.

Trygging er ekki möguleg á grundvelli launavinnu sem talin er á jaðrinum og felur ekki í sér grunntekjur fyrir lífsafkomu.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Heilsugæsla

Almenna sjúkratryggingakerfið tryggir lækni meðferð á heimili einstaklings (*ayuda domiciliaria*, t.d. fyrir einstaklinga á eftirlaunum og fatlaða einstaklinga), á

heilsugæslumiðstöð og á (opinberu og einkareknu) sjúkrahúsi sem er með samning við *Comunidades Autónomas* eða INGESA.

Almenna sjúkratryggingakerfið tryggir einnig vistun á sjúkrahús og neyðarlæknisþjónustu (með eða án sjúkrahúsvistun) á neyðarlæknamiðstöð. Sé þörf á sjúkraflutningum verður kostnaður greiddur af almenna sjúkratryggingakerfinu.

Almenna sjúkratryggingakerfið útvegar lyf, gervilimi til ígræðslu, bæklunarútbúnað og venjulega hjólastóla. Það tryggir ekki gervitennur eða gleraugu.

Endurhæfing er veitt án gjaldtöku telji læknir sem sér um meðferð að það sé læknisfræðilega nauðsynlegt. Við sérstakar aðstæður er einnig mögulegt að veita meðferð með heitum böðum.

Skip í hafi geta fengið læknisráðgjöf gegnum talstöð á vegum Félagsstofnunar starfsfólks til sjávar (*ISM*) allan sólarhringinn.

Sérstök kerfi - Sérreglur

Sérstaka almannatryggingakerfið fyrir starfsfólk til sjávar veitir sérstök framlög úr bótasjóði vegna slysa eða veikinda um borð í skipum eða í erlendum höfnum.

Sérstakar áætlanir fyrir fatlaða

Heilbrigðistryggingakerfið í landinu veitir heilsugæslu og lyf handa fötluðum einstaklingum, þ.m.t. sérstakar starfrænar og geðendurhæfingar áætlanir, sálfræðilega meðferð og ráðgjöf, almenna menntun og sérkennsluáætlanir, vinnutengd endurhæfing, starftengdar aðlögunaráætlanir, o.s.frv.

Fatlaðir einstaklingar sem eru yfir þriggja ára aldri með örorkustig sem nemur a.m.k. 33% og sem eru ófærir um að nota opinbera samgöngukerfið eiga rétt á greiðslu vegna hreyfigetu eða bætur vegna kostnaðar við flutning.

Hvernig fær maður heilsugæslu?

Til að geta notið heilsugæslu verður maður að sýna „sjúkratryggingaskírteini fyrir notanda heilbrigðiskerfisins“ (tarjeta de usuario del Sistema Nacional de Salud).

Læknishjálp er venjulega gjaldfrjáls þó svo tannlækningar falla ekki að öllu undir tryggingar. Þegar um er að ræða meðferð göngudeildarsjúklinga þá eru lyf gjaldfrjáls handa sumum bótaþegum, sérstaklega bótaþegum iðgjaldafrjáls lífeyris, atvinnulausum einstaklingum sem hafa klárað greiðslur vegna atvinnuleysi og þeim sem fá bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Aðrir verða að greiða hluta kostnaðar yfirleitt á milli 10% og 60% verðs, slíkt veltur á tekjum bótaþega. Ekki er krafist greiðslu lyfja sem veitt eru sem hluti meðferðar á sjúkrahúsi.

Eigir þú rétt á sjúkratryggingum sem annar bótaþegi hins tryggða einstaklings (venjulega maki) og þið búið ekki lengur saman, getur þú sótt um sjúkratryggingaskírteini handa sjálfum þér og börn sem búa hjá þér hjá héraðsdeild Almannatryggingastofnunar ríkisins.

Heilsugæsla er eingöngu veitt gegnum netsamtök heilsumiðstöðva í sjálfstjórnarhéruðunum (nema varðandi Ceuta og Melilla, þar sem hún er látin í té gegnum landsstofnun heilbrigðismála - INGESA) eða gegnum viðurkenndar

heilsumiðstöðvar (Centros médicos concertados). Jafnan er læknishjálp sem fengin er hjá annarri heilsumiðstöð ekki tryggð hjá almannatryggingakerfinu.

Þú getur þú að heimsækja starfandi heimilislækni, eða barnalækni eða tannlækni getur þú gert það milliliðalaust. Til að hafa samráð við annan sérfræðing verður þú að hafa fengið tilvísun frá heimilislækni þínum. Innan þín eign heilsugæsluumdæmis getur þú valið starfandi heimilislækni og barnalækni svo framarlega sem sjúklingalisti þeirra fari ekki fram úr kvóta þeim sem settur er fyrir umdæmið. Nema þegar um er að ræða neyðartilvik þá þarft þú að vera með tilvísun frá sérfræðingi til að fá innlögn á sjúkrahús.

Venjulega er ekki mögulegt að velja sjúkrahús. Sjúklingar fá úthlutað sjúkrahúsi með hliðsjón af heimilisfangi þeirra (undantekning eru neyðartilvik þegar veittur er aðgangur að hvaða sjúkrahúsi sem er).

III. Kafli: Sjúkrabætur í peningum

Hvenær átt þú rétt á sjúkrabótum í peningum?

Sjúkrabætur í peningum vegna tímabundinnar óvinnufærni (*incapacidad temporal*) eru greiddar einstaklingum sem skráðir eru aðilar að almannatryggingakerfi og sem urðu að hætta að vinna vegna sjúkdóma eða slysa.

Mælt er fyrir um sérstök skilyrði varðandi sjálfstætt starfandi landbúnaðarverkamenn. Þeir eiga kost á því að taka frjálsa tryggingu fyrir sjúkrabætur í peningum. Þeir geta tekið tryggingu sem greiðir sjúkratryggingar í peningum fyrst þegar þeir hefja störf í þessari grein eða fyrir 1. október ár hvert.

Þú kannt að eiga rétt á sjúkrabótum í peningum hafi verið búíð að greiða framlög í samtals 180 daga á fimm ára tímabili næst á undan.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Sjúkrabætur í peningum

Að öllu jöfnu eru tímabundnar bætur vegna óvinnufærni greiddar eftir biðtíma sem nemur þremur dögum. Vinnuveitandi greiðir sjúkrabætur frá fjórða upp að fimmtánda degi sjúkraorlofs en eftir það eru sjúkrabætur í peningum veittar úr almannatryggingakerfinu.

Bætur eru greiddar í hámark 365 daga sem hægt er að framlengja í 180 daga til viðbótar votti læknir að bati sé líklegur innan viðbótartímabils.

Sjúkrabætur í peningum nema 60% af grunni sem notaður er til útreiknings (venjulega framlagagrunnur fyrri mánaðar) og greiðist frá fjórða degi eftir að einstaklingur hættir að vinna samkvæmt læknisvottorði fram til og að meðtöldum tuttugasta degi (greitt fram til fimmtánda dags af vinnuveitanda). Eftir það nema bætur 75% af grunni sem notaður er til útreiknings.

Bætur eru greiddar vegna umönnunar barna sem eru með krabbamein eða annan alvarlegan sjúkdóm (*Cuidado de menores afectados por cáncer u otra enfermedad grave*), sem miðast við foreldra (þ.m.t. ættleiðingarforeldra og fósturforeldra fyrir ættleiðingarferli eða sem taka barn í varanlegt fóstur) sem vinna bæði og sem draga úr vinnustundafjölda sínum um a.m.k. 50% til að annast barn sem þjáist af slíkum sjúkdómum og sem þarf á langtímavistun á sjúkrahúsi að halda. Réttur til að fá bætur er einungis veittur öðru foreldri.

Sérstök kerfi - Sérreglur

Þegar um er að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga verða greiddar bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni frá fjórða degi óvinnufærni. Fjárhæð bóta nemur 60% af mánaðarlegum framlagsgrunni frá fjórða degi til og með allt að tuttugasta dags, og 75% af þessum grunni sem notaður er til útreiknings frá tuttugasta og fyrsta degi og áfram.

Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni ganga beint til sjálfstætt starfandi verkamanna (frá INSS eða einkareknum tryggingasjóði og fer það eftir hverju einstöku tilviki).

Hvernig fást sjúkrabætur í peningum?

Óvinnufærni verður læknir heilbrigðisþjónustunnar að votta (*Servicios Públicos de Salud*). Vottorðið verður að gefa út að lokinni læknisskoðun og vinnuveitandi verður að fá vottorð innan þriggja daga frá sendingu þess.

IV. Kafli: Bætur til mæðra og feðra vegna meðgöngu og fæðingar

Hvenær átt þú rétt á bótum til mæðra og feðra vegna meðgöngu og fæðingar?

Bætur í fríðu

Heilsugæsla (*asistencia sanitaria*) er tryggð kvenkyns starfsmönnum, lífeyrisþegum, hópum sem hafa verið metnir og fjölskyldumeðlimum þeirra (eins og lýst er kaflanum um heilsugæslu.

Útlendingar í leyfisleysi fá heilsugæslu á meðgöngu, við fæðingu og eftir barnsburð.

Mæðraorlof/mæðrabætur

Bætur vegna áhættu á meðgöngu (*riesgo durante el embarazo*) er ætlað að vernda heilsu móður sem stundar vinnu, eða fóstursins meðan gert er hlé á ráðningarsamningi hennar vegna þess að hún þarf að breyta um starf yfir í starf sem samræmist ástandi hennar (eða þegar um er að ræða, hætta að vinna) og þetta er ekki hægt við núverandi atvinnuaðstæður hennar.

Bætur vegna áhættu meðan á brjóstagjöf stendur (*riesgo durante la lactancia*) er greidd vinnandi mæðrum sem eru með barn á brjósti og eru ófærar um að halda áfram í venjulegu starfi sínu.

Mæðrabætur eru greiddar öllum skráðum starfsmönnum sem eiga rétt á mæðraorlofi sem mælt er fyrir um samkvæmt vinnumálalöggjöf vegna fæðingar, ættleiðingar eða fósturs á barni.

Til þess að geta átt rétt á viðbótargreiðslu í mæðraorlofi (*subsídio por maternidad de naturaleza contributiva*) eða greiðslu til feðra í fæðingarorlofi (*subsídio por paternidad*), verður tryggður einstaklingur að hafa safnað upp a.m.k.

- 180 framlagsdögum á þeim sjö árum sem komu næst á undan fæðingu barnsins (eða þegar um er að ræða ættleiðingu eða barn sem komið er í fóstur, næst á undan þeim degi þegar stjórnvaldsúrskurður/dómsúrskurður var kveðinn upp; eða
- 360 framlagsdagar á samanlagðri starfsævi.

Sérstök ákvæði stjórna aðstæðum verkafólks sem er undir 26 ára að aldri og eiga þau aðeins við varðandi meðgöngu.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Bætur í fríðu

Þungaðar konur eiga rétt á mæðraeftirliti, læknishjálpi við fæðingu og umönnun í sængurlegu. Sjúkrahúsvistun er möguleg á sjúkrahúsum sem tilheyra almannu

heilbrigðiskerfinu (*Sistema Nacional de Salud*) eða á sjúkrahúsum sem starfa samkvæmt samningi við kerfið.

Mæðraorlof/feðraorlof og -bætur

Viðbótargreiðsla í mæðraorlofi er veitt í 16 vikur. Tímabil þetta er hægt að framlengja í tvær vikur aukalega þegar um er að ræða fleirburafæðingu, ættleiðingu, barni komið í fóstur eða fatlað barn. Stundi báðir foreldrar vinnu er hægt að veita föður allt að 10 vikna fæðingarorlof. Tímabil þetta er framlengt þegar um er að ræða fyrirburafæðingu eða barn er vistað á sjúkrahús.

Einnig er hægt að sameina mæðraorlof hlutastarfi. Hægt er að skipuleggja mæðraorlof þannig að það henti móðurinni en þegar um er að ræða líffræðilegt barn er skylt að taka orlof í fyrstu sex vikur eftir fæðingu.

Viðbótargreiðsla í fæðingarorlofi feðra er veitt í 13 daga (20 daga í ákveðnum tilvikum). Hægt er að framlengja greiðslu í tvo daga til viðbótar ef um fjölburafæðingu er að ræða, ættleiðingu eða ef barni er sett í fóstur. Frá 1. janúar 2013 verður fæðingarorlof feðra lengt í fjórar vikur.

Daglegar greiðslur í mæðraorlofi og fæðingarorlofi feðra eru greiddar allt réttindatímabilið og nema 100% af grunni sem notaður er til útreiknings. Hið síðarnefnda er ákveðið sem árangur þess að skipta framlagsgrunni mánuðinn fyrir dagsetningu orlofs með fjölda daga sem samsvarar þessu framlagi.

Iðgjaldafriðis greiðsla í mæðraorlofi (*subsidio por maternidad de naturaleza no contributiva*) er innt af hendi í 42 daga (eða 56 daga í ákveðnum tilvikum). Greiðslan samsvarar 100% IPREM vísitölunni (opinber vísitala tekjufjárhæðar með margþættum fjárhæðum, *Indicador Público de Renta de Efectos Múltiples*).

Bætur vegna áhættu við meðgöngu (*riesgo durante el embarazo*) er reiknuð daglega og greidd frá þeim degi sem samningur bótaþega frestast tímabundið af þeirri ástæðu og halda þær áfram þann tíma sem samningi er frestað. Fjárhæðin er 100% af grunni útreiknings sem er hið sama og varðandi veikindi þegar um er að ræða vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

Fjárhæðin vegna áhættu af brjóstgjöf (*riesgo durante la lactancia*) er 100% af þegar tilvitnuðum grunni fyrir útreikning.

Hvernig á að fá bætur vegna mæðraorlofs og feðraorlofs?

Til að geta notið heilsugæslu verður þú að sýna „sjúkratryggingaskírteini fyrir notanda heilbrigðiskerfisins“ (*tarjeta de usuario del Sistema Nacional de Salud*). Eigir þú rétt á sjúkratryggingum sem annar bótaþegi hins tryggða einstaklings (venjulega maki) og þið búið ekki lengur saman, getur þú sótt um sjúkratryggingaskírteini handa sjálfum þér og börn sem búa hjá þér hjá héraðsdeild Almannatryggingastofnunar (*INSS*) (sjá einnig kafla um heilsugæslu).

Bætur vegna meðgöngu og fæðingar og fæðingarorlof, bætur vegna áhættu meðan á meðgöngu stendur og áhættu vegna brjóstgjafar eru greiddar beint af *INSS* eða *Félagsstofnun starfsfólks til sjávar* (*ISM*), þegar sótt er um.

V. Kafli: Örorkubætur

Hvenær átt þú rétt á örorkubótum?

Varanleg óvinnufærni

Starfsmaður er talinn vera með varanlega ófærni (*incapacidad permanente*) sé hann enn líkamlega eða starfrænt með ófærni, eftir að hafa lokið þeirri meðferð sem mælt er fyrir um og eftir að hafa verið útskrifaður, og slík ófærni er á því stigi að hann geti líklega ekki framkvæmt eðlilega vinnu það sem eftir er ævinnar.

Einstaklingur sem er yfir 65 ára að aldri og á rétt á ellilífeyri getur ekki farið fram á bætur vegna varanlegrar óvinnufærni vegna óvinnutengds líkamstjóns eða óvinnutengdra veikinda. Við 65 ára aldur færist varanleg greiðsla vegna óvinnufærni sjálfrátt yfir í eftirlaunalífeyri. Þetta breytir ekki þeirri aðferð sem notuð er við greiðslu bóta.

Varanleg óvinnufærni er einnig sú óvinnufærni sem verður áfram við lok hámarkstímabils tímabundinnar óvinnufærni. Almenn þá fylgir varanleg óvinnufærni tímabundinni óvinnufærni.

Sérstakt kerfi er í gildi varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Skilyrði sem fullnægja þarf til að öðlast réttindi

Til að geta fengið bætur vegna varanlegrar óvinnufærni verður einstaklingur að vera skráður í almannatryggingakerfi eða verður að vera í svipaðri stöðu þegar óvinnufærni á sér stað. Þetta á ekki við: 1) þegar vinnuslys eða atvinnusjúkdómur veldur örorku, og 2) þegar alger varanleg óvinnufærni eða alvarleg óvinnufærni orsakast af óvinnutengdu líkamstjóni eða óvinnutengdum sjúkdómi, og starfsmaður hefur greitt framlög í a.m.k. fimmtán ár og þar af séu þrjú þeirra innan tíu ára fyrir óvinnufærni.

Ekki er um neinn lágmarksframlagstíma að ræða þegar óvinnufærni orsakast af slysi sem ekki tengist vinnu, vinnuslysi, eða atvinnusjúkdómi. Þegar óvinnufærni orsakast af sjúkdómi sem ekki tengist atvinnu verður starfsmaður að hafa greitt framlög í almannatryggingar um ákveðinn fjölda ára, og fer það eftir aldri hans. Einstaklingur sem hefur verið tryggður reglulega sem er undir 31 árs aldri verður að hafa verið tryggður í a.m.k. einn þriðja hluta tímabils milli 16 ára aldurs og dagsetningar þegar örorka varð.

Einstaklingar sem eru yfir þessum aldri verða að hafa verið tryggðir í a.m.k. fjórðung þess tíma milli 20 ára aldurs og þess atburðar sem olli óvinnufærni og a.m.k. að lágmarki í fimm ár. Að auki verður einn fimmti hluti framlagstíma að falla innan tíu ára tímabils áður en örorka varð.

Fatlaður einstaklingur sem er án nægilegra fjármuna og sem aldrei hefur greitt framlög til almannatrygginga eða hefur ekki verið tryggður nógu lengi til að eiga rétt á lífeyri sem byggist á framlögum kann að eiga rétt á iðgjaldafrjálsum örorkulífeyri sé ákveðnum skilmálum fullnægt.

Stig óvinnufærni

Almannatryggingakerfið skilgreinir fjögur stig óvinnufærni:

- Að hluta varanleg ófærni um að framkvæma venjubundið starf þitt (*incapacidad permanente parcial para la profesión habitual*), sem er skilgreint sem verandi fær um að vinna við venjubundið starf með minna en einn þriðja hluta venjulegrar skilvirkni,
- Alger varanleg ófærni um að framkvæma venjubundið starf þitt (*incapacidad permanente parcial para la profesión habitual*), sem er skilgreint sem verandi ófær um að vinna við venjubundið starf en fær um að vinna annars konar starf,
- Alger varanleg ófærni (*incapacidad permanente absoluta*), þegar um er að ræða alger varanlegur missir starfsgetu til að framkvæma starf af hvaða tegund sem er,
- Alvarleg örorka (*gran invalidez*), skilgreind sem ófærni sem krefst þess að einstaklingur þarfnast stöðugrar aðstoðar við einföldustu athafnir daglegs lífs, t.d. að matast, klæðast, o.s.frv.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Bótageiðslur í peningum

Þegar um er að ræða að hluta varanlega ófærni um að framkvæma venjubundið starf þitt fela bætur í sér eingreiðslu bóta sem jöfn er 24 sinnum útreikningsgrunnur bóta vegna tímabundinnar ófærni.

Þegar um er að ræða algera varanlega ófærni eru bætur í formi lífeyris sem jafn er 55% af útreikningsgrunni. Þegar um er að ræða einstaklinga sem eru 55 ára eða eldri sem eiga í erfiðleikum með að finna sér starf er fjárhæð lífeyris hækkuð í 75% af útreikningsgrunni. Hægt er að leysa út lífeyri að beiðni bótaþega með eingreiðslu sem jöfn er 84 sinnum mánaðarlegum lífeyri (að frádregnum 12 mánuðum vegna hvers árs sem umsækjandi er eldri en 54 ára allt að lágmarki sem nemur 12 mánuðum).

Þegar um er að ræða algera varanlega óvinnufærni til að framkvæma neina aðra tegund vinnu nema bætur lífeyri sem er jafn 100% af útreikningsgrunni.

Þegar um alvarlega örorku er að ræða felast bætur í lífeyri sem greiða má vegna algerrar varanlegrar ófærni með viðbót sem nemur (45% af lágmarks framlagsgrunni fyrir árið auk 30% af framlagsgrunni starfsmanns).

Lágmarksfjárhæð og hámarksfjárhæð lífeyris er í gildi.

Endurhæfing

Læknismeðferð (starfræn endurhæfing) starfsráðgjöf, starfsmenntun (endurhæfing fyrir fast starf eða endurmenntun fyrir annað starf) er í boði.

Að auki kunna að verða settir kvótar til ráðningar fatlaðra starfsmanna (t.d. 2% vinnustaða í fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmönnum).

Fyrirtæki sem ráða til sín fatlaða starfsmenn eiga rétt á hvata í formi niðurfellingar á greiðslu framlaga til almannatrygginga. Hvatning er látin í té í formi niðurgreiðslna og skatta-/framlaganiðurfellingar til kerfa sem fá fyrirtæki í lið með sér til að búa til verndaðan vinnustað fyrir fatlaða starfsmenn.



Hvernig fær maður öorkubætur?

Varanleg óvinnufærni er metin hjá Fötlunarmatsráði (EVI). Mögulegt er að leita til úrskurðarvalds dómstóla hvenær sem er fram að lágmarks eftirlaunaaldri.

VI. Kafli: Ellilífeyrir og bætur til aldraðra

Hvenær átt þú rétt á bótum til aldraðra?

Eftirlaunalífeyrir á grundvelli framlaga

Einstaklingar sem eru 65 ára eða eldri sem eru skráðir í almannatryggingakerfi eða eru í sambærilegri stöðu (þ.e. atvinnulausir án þess að vilja það sjálfir), sem hafa greitt framlög í almannatryggingar í a.m.k. 15 ár, og tvö þessara ára falla innan 15 ára næst á undan eftirlaunaaldri þeirra, og sem láta af störfum eiga rétt á eftirlaunalífeyri sem byggist á framlögum (*pensión de jubilación*). Krafist er sama framlagatímabils varðandi einstaklinga og sem á þeim degi þegar þeir hætta störfum eru ekki aðilar að almannatryggingakerfi eða eru í sambærilegri stöðu.

Sérstök skilyrði eru í gildi varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga og opinbera starfsmenn.

Snemmttekinn lífeyrir, lífeyrir að hluta og sveigjanlegur lífeyrir

Einstaklingar sem stunda störf sem flokkast hafa í för með sér erfiði, eitrun, heilsuleysi eða hættuleg (kolanámufólk, starfsmenn járnbrauta, flugáhafnir og starfsfólk til sjávar), og einstaklingar sem eru með 45% örorku sem aftur bender til lækkunar á væntanlegum lífaldri, eða í sérstökum tilvikum 65% eða meir geta hætt störfum með fullar lífeyrisbætur fyrir 65 ára aldur. Fjöldi bónusdaga sem unnir eru inn í ákveðnum flokkum eða sérgreinum er ákveðinn með því að nota sérstaka stuðulinn.

Einstaklingar sem hafa greitt inn á einkarekna lífeyrisáætlun fyrir árið 1967 geta farið á eftirlaun við 60 ára aldur með hlutfallslega skertan lífeyri.

Starfsmenn sem greitt hafa framlög í 30 ár sem eru skráðir hjá vinnumiðlun og sem eru atvinnulausir án eigin óskar geta sótt um skertan lífeyri við 61 árs aldur.

Starfsmenn eiga rétt á hlutalífeyri (*pensión de jubilación parcial*) við 61. árs aldur og þangað til þeir ná almennt viðurkenndum eftirlaunaaldri, ef meðal annarra skilyrða:

- Hafa gert ráðningarsamning um hlutastarf við vinnuveitanda sinn þar sem kveðið er á um fækkun vinnustunda og lækkun launa um sem nemur milli 25 og 75%;
- Vinnuveitandi gerir samtímis samning við atvinnuleitanda til að brúa bilið, en vinnustundafjöldi hjá honum verður að vera skyldutryggður fram til eftirlaunadags launþega þess starfsmanns sem hann kemur í staðinn fyrir (þetta er ekki nauðsynlegt þegar sá sem fer á eftirlaun að hluta hefur farið á eftirlaun þegar hann nær 65 ára aldri).

Spánn er einnig með sveigjanlegt lífeyriskerfi en samkvæmt því geta einstaklingar sem taka eftirlaunalífeyri starfað í hlutastarfi (milli 25% og 75% af vinnudegi) en í því tilviki er lífeyrir þeirra skertur til samræmis.

Iðgjaldafrijáls ellilífeyrir

Aldraðir einstaklingar sem lifa við skert laun og hafa aldrei greitt framlög í almannatryggingar, eða hafa ekki gert það nógu lengi til að eiga rétt á lífeyri sem byggist á framlögum kunna að eiga rétt á iðgjaldafrijálsum ellilífeyri.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Eftirlaunalífeyrir á grundvelli framlaga

Lífeyrir nemur 50% útreikningsgrunns þegar greidd hafa verið framlög í 15 ár. Hlutfallið hækkar um 3% vegna hvers aukaárs fram til 25 ára aldurs, og um 2% frá 26 ára aldri og eldri og nær 100% eftir greiðslu framlaga í 35 ár.

Útreikningsgrunnur er fundinn með því að deila framlagsgrunna einstaklings undanfarandi 180 mánuði sem fara næst á undan starfslokum hans með 210. Framlagsgrunnar vegna 24 mánaða rétt á undan eftirlaunaaldur eru reiknaðir á nafnverði og afgangurinn er reiknaður á grundvelli neysluerðsvisitölunnar.

Launþegar sem eru yfir 65 ára að aldri og eru með yfir 15 framlagsgreiðsluár að baki sem halda áfram að vinna eiga rétt á 2% hækkun á lífeyri vegna hvers viðbótarárs. Hækkunin nemur 3% fyrir hvert viðbótarár hafi þeir safnað sér meir en 40 framlagagreiðsluárum.

Lágmarks lífeyrir (*pensión mínima*) og hámarks lífeyrir (t.d. 2.522,89 evrur á mánuði). Lífeyrir er greiddur 14 sinnum á ári.

Bætur áður en komist er á eftirlaun

Þetta varðar svið sem enn sem komið er hafa ekki verið settar reglur um. Bótakerfi varðandi bætur áður en komist er á eftirlaun eru einkasamningar og hafa ekkert að gera varðandi venjulegan eftirlaunalífeyri almannatrygginga. Þó svo aðgæsluleysi varðandi notkun hugtaksins hefur leitt af sér rugling er fólk sem er aðilar að kerfi um bætur áður en komist er á eftirlaun, er ekki í raun komið á eftirlaun.

Kerfi um bætur áður en komist er á eftirlaun er hægt að skilgreina sem samning milli fyrirtækisins og starfsmanns sem ennþá er ekki kominn á eftirlaunaaldur, en samkvæmt samningnum hættir sá síðarnefndi að vinna og í stað þess fær hann tryggðar tekjur svipaðar þeim sem hafði áður, þangað til hann lemst á eftirlaunaaldur. Sú staðreynd að hann er hættur vinnu veitir honum ekki rétt á að fá eftirlaunalífeyri. Fjárhagsleg staða er tryggð annað hvort með bótageiðslum sem fyrirtækið greiðir eða með bótum og greiðslum vegna atvinnuleysis sem Opinbera vinnumiðlun ríkisins greiðir (*Servicio Público de Empleo Estatal, SPEE*), eða með sambandi þessara tvenns konar aðferða. Meðan á þessu tímabili stendur undirritar starfsmaður sérstakan samning við Aðalskrifstofu tekjudeildar almannatrygginga í því skyni að greiða framlög hans til almannatrygginga þangað til starfsmaður nær eftirlaunaaldri.

Hvernig fást bætur aldraðra?

Bætur til aldraðra þarf að sækja um hjá þar til bætti stjórnslustofnun almanna trygginga. [Almannatryggingastofnun](#) ríkisins (*Instituto Nacional de la Seguridad Social - INSS*) annast veitingu og útreikninga á eftirlaunalífeyri á grundvelli framlaga og [Stofnun fyrir aldraða og félagsþjónustan](#) (*Instituto de Mayores y Servicios Sociales - IMSERSO*) sér ásamt sjálfstjórnarhéruðunum um lífeyrisgreiðslur samkvæmt iðgjaldafrjálsa kerfinu.

VII. Kafli: Bætur fyrir eftirlifendur

Hvenær átt þú rétt á bótum fyrir eftirlifendur?

Skilyrði sem fullnægja þarf til að öðlast réttindi

Styrkir vegna andláts og lífeyrir handa eftirlifendum eru greiddir eftirlifendum tryggðs einstaklings sem látist hefur hafi sá síðarnefndi:

- Verið skráður í almannatryggingakerfi eða var í sambærilegri stöðu og var búinn að greiða framlög í a.m.k. 500 daga í fimm almanaksár fyrir andlát. Þetta er aðstaðan þegar andlát orsakaðist af sjúkdómi sem ekki er atvinnusjúkdómur. ekki er krafist lágmarks tryggingartímabils hafi andlát átt sér stað vegna slyss sem ekki er vinnutengt, vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms. ekki er heldur þörf á að veita rétt til lífeyris barns sem misst hefur foreldri/foreldra;
- Ekki verið lengur á skrá hjá almannatryggingakerfi eða er í sambærilegri stöðu, en var búinn að greiða almannatryggingaframlög í að lágmarki 15 ár;
- Verið að fá eftirlaunalífeyri sem byggist á framlögum eða fengið lífeyri vegna varanlegrar óvinnufærni;
- Verið að fá tímabundnar bætur vegna óvinnufærni, bætur vegna áhættu vegna meðgöngu, bætur vegna áhættu við brjóstgjöf, bætur í fæðingarorlofi og í mæðraorlofi, eða er
- Horfið í framhaldi af vinnuslysi eða öðru slysi við aðstæður sem réttlæta þá ályktun að andlát hafi átt sér stað og að ekki hafi borist neinar fréttir af hinum horfna einstaklingi í 90 daga eftir slysið. Í slíku tilviki eiga eftirlifendur ekki rétt á styrk vegna andláts.

Eftirlifandi maki

Með tilteknum sérstökum undantekningum á einstaklingur sem var gístur hinum látna og sem ekki hefur gífst aftur rétt á lífeyri handa eftirlifendum. Þetta á við um eftirlifandi maka og um þá sem voru fráskildir eða skildir að borði og sæng og hjónaband þeirra var ógilt. Í sumum tilvikum er fjárhæð lífeyris hlutfallsleg miðað við tímalengd makar hafa búið saman.

Við ákveðnar aðstæður kann ógiftur samvistaraðili einnig að eiga rétt á ekkjulífeyri eða lífeyri ekkils.

Eftirlifandi börn

Börn hins látna hver sem lagalegt eðli aðildar þeirra var, og í ákveðnum aðstæðum börn eftirlifandi maka eiga rétt á lífeyri barns sem misst hefur foreldri/foreldra að því tilskyldu að á þeim degi þegar foreldri andaðist voru þau:

- Undir 21 ára að aldri eða eru yfir þeim aldri en eru ófær um að vinna vegna algerrar varanlegrar óvinnufærni eða alvarlegrar fötlunar;
- Eru undir 23 ár aldri (eða 25 ára aldri séu báðir foreldrar látnir), þegar tekjur þeirra fara ekki yfir lágmarkstekjur (*salario mínimo interprofesional*).

Aðrir fjölskyldumeðlimir

Bætur í formi lífeyris eða tímabundinnar greiðslu má veita öðrum fjölskyldumeðlimum að fullnægðum ákveðnum skilyrðum (t.d. foreldrum, öfum og ömmum, barnabörnum, systkinum) hafi þeir verið á framfæri hins látna, eiga ekki rétt á opinberum lífeyri og þjuggu með hinum látna í a.m.k. tvö ár fyrir andlátíð.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Ekkjulífeyrir eða ekkilslífeyrir

Fjárhæð þessa lífeyris (*pensión de viudedad*) er reiknuð á grundvelli 52% af samsvarandi útreikningsgrunni sem fer eftir atvinnustöðu hins látna (í launuðu starfi eða lífeyrisþegi – að því hið síðasttalda varðar er útreikningsgrunnur sá sami og vegna eftirlaunalífeyri eða örorkulífeyri) og dánarorsök (hvert sem var vinnutengd eða ekki vinnutengd). Þegar bótaþegi er með aðila á framfæri og ákveðið tekjustig er heimilt að hækka þessa prósentu í að hámarki 70%.

Lífeyrisgreiðslur hætta giftist eftirlifandi maki aftur (með sérstökum undantekningum, þ.e. sé hann yfir 61 árs aldri eða með meir en 65% óvinnufærni, og maki er með tiltölulega lágar tekjur).

Lífeyrir handa barni sem misst hefur foreldri/foreldra

Fjárhæð lífeyris vegna hvers barns sem misst hefur foreldri/foreldra (*pensión de orfandad*) er reiknuð á sama hátt og ekkjulífeyrir eða ekkilslífeyrir, þar sem notaður er þáttur sem er 20% af samsvarandi útreikningsgrunns. Sé ekki um neinn eftirlifandi maka að ræða er fjárhæð þessara réttinda bætt við lífeyri barns sem misst hefur foreldri/foreldra, þ.e. hækkun um 52% eða upp í 70%.

Sé um að ræða fleiri en einn bótaþega ætti samanlögð fjárhæð lífeyris barns sem misst hefur foreldri/foreldra og ekkjulífeyrir/ekklalífeyrir að öllu jöfnu ekki far yfir 100% af útreikningsgrunni (með ákveðnum undantekningum). Hafi barn verið svipt báðum foreldrum getur ákveðin hækkun einungis verið beitt gagnvart lífeyri sem skapaðist af öðrum hinna látnu foreldra.

Lífeyrir barns sem misst hefur foreldri/foreldra hættir þegar barn nær ákveðnum aldri. Einnig kann að vera að óvinnufærni sem skapaði réttindi hættir að vera fyrir hendi eða að bótaþegi verður ættleiddur eða giftist (en í því tilviki halda réttindi ennþá áfram vegna þeirra sem eru með algera varanlega óvinnufærni eða alvarlega fötlun). Greiðsla lífeyris fellur niður andist bótaþegi eða komi í ljós að starfsmaður sem var horfinn og talinn látinn eftir slys, sé ennþá á lífi.

Lífeyrir og aðrar tímabundnar bætur handa öðrum fjölskyldumeðlimum

Með ákveðnum skilyrðum er veittur lífeyrir handa öðrum fjölskyldumeðlimum (*pensión en favor de familiares*). Hann nemur 20% af útreikningsgrunni.

Svipaðar reglur gilda um tímabundnar greiðslur handa fjölskyldumeðlimum, sem greiddar eru að hámarki í 12 mánuði (*subsídio temporal en favor de familiares*).

Upphæð allra bóta til eftirlifenda geta ekki farið yfir 100% útreikningsgrunns með nokkrum undantekningum.

Styrkur vegna andláts

Styrkur vegna andláts (*auxilio por defunción*) er ávallt greiddur, hver sem dánarorsök er.

Styrk vegna andláts sem nemur 45,10 evrum er ætlað að greiða hluta útfararkostnaðar. Þetta eru einu bætur sem greiddar eru af hálfu almannatryggingakerfinu eingöngu í þessu skyni.

Hvernig á að fá bætur fyrir eftirlifendur?

Lífeyrir og bætur handa eftirlifendum þarf að sækja um hjá þar til bærrí stjórnsýslustofnun almanna trygginga. [Almannatryggingastofnun](#) ríkisins (*Instituto Nacional de la Seguridad Social - INSS*) annast veitingu slíkra bóta.

VIII. Kafli: Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma

Hvenær átt þú rétt á bótum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma?

Spænska almannatryggingakerfið er ekki með sérstaka úthlutun bóta vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma. Starfsmaður sem á í hlut mun hins vegar fá sérstakar bætur til viðbótar við þær sem lýst er að framan.

Vinnuslys getur verið líkamstjón sem starfsmaður verður fyrir við vinnu eða það getur orsakast af vinnu hans eða af sjúkdómi sem ekki verður flokkaður sem atvinnusjúkdómur vegna þess að hann er ekki nefndur á opinberum lista yfir atvinnusjúkdóma en er augljóslega afleiðing þeirra skyldna sem felast í starfi hans. Slys sem menn verða fyrir „á leiðinni“ (á leiðinni til og frá vinnu) teljast einni gera starfstengd.

Atvinnusjúkdómur er sjúkdómur sem er tilgreindur á opinberri skrá yfir atvinnusjúkdóma og sem tengist helstu athöfnum sem hafa slíkan sjúkdóm í för með sér.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Heilsugæsla

Að mestu leyti fæst heilsugæsla eins og henni er lýst í kaflanum um heilsugæslu, og ávallt í sem víðustu mynd eftir því sem mögulegt er. Heilsugæsla er jafna veitt án greiðsluþátttöku. Heilsugæsla felur m.a. í sér gjaldfrjáls lyf í sérstökum tilvikum sem og bætur sem tengjast endurhæfingarátöllum. Ákveðnar stofnanir eru sérhæfðar til meðferðar og endurhæfingar tjónþola vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma.

Bótagreiðslur í peningum

Stafi óvinnufærni af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi eru starfsmenn ávallt álitnir vera framlagagreiðandi áskrifendur og, eftir því hvaða kerfi er um að ræða, munu bætur verða greiddar út annað hvort af vinnuveitanda eða almannatryggingaþjónustu. Ekki er gerð krafa um fyrri tryggingartímabil.

Að öllu jöfnu eru tímabundnar bætur vegna óvinnufærni greiddar eftir biðtíma sem nemur þremur dögum. Þetta á ekki við sé hin tímabundna óvinnufærni atvinnutengd.

Þegar um er að ræða vinnutengt líkamstjón eða atvinnusjúkdóm eru bætur greiddar daginn eftir að sjúklingur hættir störfum eins og læknir hefur vottað (sama á við um sjálfstætt starfandi einstaklinga sem eru með frjálsa tryggingu). Fjárhæð bóta nemur 75% útreikningsgrunnus.

Sé um að ræða tímabundna óvinnufærni sem stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi verða bætur greiddar í samræmi við þær reglur sem nefndar eru að framan í kaflann um sjúkrabætur í peningum.

Varðandi varanlegar bætur vegna óvinnufærni sjá vinsamlega kaflann um örorku.

Bætur í formi eingreiðslu kunna einnig að vera veittar þegar um er að ræða varanlegan líkamlegan áverka, limlestingu eða lýti sem stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdóm sem skerðir líkamlega friðhelgi án þess að valda varanlegri óvinnufærni (*lesiones permanentes no invalidantes*), svo framarlega sem líkamstjón sem um ræðir er á opinberu skránni.

Sérstakar eingreiðslur

Hafi vinnuslys eða atvinnusjúkdómur í för með sér andlát hins tryggða er veittur eingreiðslustyrkur til viðbótar við bætur handa eftirlifendum sem lýst er í kaflanum um eftirlifendur.

Eftirlifandi maki og sambýlisaðili eða fyrrum maki, eigi slíkt við, fær upphæð sem er jöfn sexföldum samsvarandi útreikningsgrunni. Hvert barn sem misst hefur foreldri/foreldra fær jafngildi útreikningsgrunns sem samsvara einum mánuði. Sé ekki um eftirlifandi maka, sambýlisaðila eða fyrrum maka að ræða verður samsvarandi upphæð skipt upp á milli barnanna sem misst hafa foreldri. Eigi hvorki maki né börn sem misst hafa foreldri/foreldra rétt á að fá dánarbætur og bætur eftirlifanda og hinn látni lætur eftir annað eða báða foreldra sem eru á framfæri hans munu þeir fá greitt því sem nemur tólföldum mánaðarlegum útreikningsgrunni séu þeir báðir á lífi (og níuföldum sé aðeins annar á lífi).

Gáleysi eða vanræksla vinnuveitanda

Allar bætur sem greiddar eru út vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms eru hækkaðar um 30 til 50% hafi slys eða sjúkdómur átt sér stað vegna gáleysis eða vanrækslu vinnuveitanda sem ekki hefur ekki sinnt að öllu leyti ráðstöfunum vegna öryggis og heilsu á vinnustað.

Bætur vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma verða greiddar hvort sem vinnuveitandi hefur efnt tryggingarskyldu sinni gagnvart starfsmanni eða ekki.

Hvernig fást bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma?

Bótaþegi hefur frjálst val um val á lækni, en sé þörf á sjúkrahúsvistun fær hann úthlutað sjúkrahúsi.

Bætur greiddar í peningum verður að sækja um hjá þar til bærrí stjórn almannatrygginga, venjulega hjá [Almannatryggingastofnun](#) ríkisins National Social Security Institute, *Instituto Nacional de la Seguridad Social - INSS*).

IX. Kafli: Fjölskyldubætur

Hvenær átt þú rétt á fjölskyldubótum?

Einstaklingar sem starfa og/eða eru heimilisfastir á Spáni kunna að eiga rétt á fjölskyldubótum fyrir hvert barn í fjölskyldunni sem er á framfæri og undir 18 ára aldri eða yfir þeim aldri en er a.m.k. 65% öryrki, og vegna barna undir lögræðisaldri sem eru í varanlegu eða for-ættleiðangar fóstri. Séu báðir foreldrar látnir eða hafi þeir yfirgefið börn sín eru bætur greiddar beint til barnanna.

Svo framarlega sem barn er fatlað eru fjölskyldubætur ekki greiddar þegar tekjur fjölskyldu fara yfir ákveðna fjárhæð (þ.e. 11.376,66 evrur sem hækkar í 17.122,59 evrur vegna fjölskyldna með þrjú börn á framfæri og aukalega 2.773,39 evrur fyrir hvert barn þar á eftir sem er á framfæri).

Hvaða þættir eru tryggðir?

Barnabætur (*prestaciones por hijo a cargo*) eru greiddar 12 sinnum á ári. Fjárhæð bótanna er breytileg eftir aldri og eftir því hvort barn sé fatlað. T.d. eru hæstu bætur (536,60) greiddar börnum sem eru eldri en 18 ára og með yfir 75% örorku.

Fyrstu tvö ár foreldraorlofs (*excedencia por cuidado de hijo*) sem launþegar eiga rétt á samkvæmt vinnulöggjöfinni að annast hvert barn hvort sem er náttúrulegt, ættleitt eða fósturbarn, eða fyrsta orlofsár til að annast fjölskyldumeðlim þ.m.t. foreldrasystkin annað hvort að blóðskyldleika eða gegnum hjúskap (*excedencia por cuidado de familiares*), sem vegna aldurs, slyss, veikinda eða fötlunar getur ekki séð um sig sjálf/ur og hefur engar tekjur, teljast vera framlagstímabil til almannatrygginga varðandi bætur vegna meðgöngu og fæðingar, fæðingarorlof, bætur vegna varanlegrar óvinnufærni, eftirlaunalífeyri, dánarbætur og bætur handa eftirlifendum.

Þegar ástæða orlofs er að annast ólögráða barn og fjölskylda barnsins er álitin vera stór er tryggingaframlagstímabilið 30 mánuðir eða 36 mánuðir teljist fjölskyldan tilheyrja sérstökum flokki.

Bætur í formi eingreiðslna eru einnig greiddar út þegar um er að ræða fjölfæðingar eða ættleiðingar, og þegar um stórar fjölskyldur er að ræða, einstæða foreldra eða fatlaðar mæður.

Hvernig á að fá fjölskyldubætur?

Sækja þarf um fjölskyldubætur hjá þar til bæri stjórn almannatrygginga. *Almannatryggingastofnun* ríkisins (*Instituto Nacional de la Seguridad Social - INSS*) fer með úthlutunarvald varðandi allar fjölskyldubætur (samkvæmt öllumkerfum, þ.m.t. samkvæmt sérstöku kerfi varðandi starfsfólk til sjávar).

X. Kafli: Atvinnuleysi

Hvenær átt þú rétt á atvinnuleysisbótum?

Einstaklingar sem eru atvinnulausir en eru færir um og tilbúnir að vinna, eða hafa misst vinnuna vegna uppsagnar, eða vinnustundafjöldi (og samsvarandi laun) hafa verið lækkuð um a.m.k. 10% (hámark 70%), vegna samdráttar í rekstri, eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Atvinnuleysi getur verið algert eða að hluta. Um er að ræða tvenns konar atvinnuleysisbætur: Framlagstengdar atvinnuleysisbætur og sérstakar greiðslur vegna atvinnuleysis.

Atvinnuleysisbætur

Einstaklingur á rétt á atvinnuleysisbótum sé hann:

- Skráður í almannatryggingakerfi sem tryggir slíka áættu eða sé hann í sambærilegri aðstöðu
- Sé atvinnulaus í skilningi laga, virkur í atvinnuleit og tilbúinn að taka hentugt starf;
- Hafi greitt framlög til almannatrygginga í a.m.k. 360 daga í sex ár áður en hann varð atvinnulaus eða skyldu hans til greiðslu framlaga lýkur;
- Sé yfir 16 ára og undir 65 ára að aldri nema hann hafi ekki ennþá öðlast réttindi til töku eftirlaunalífeyris;
- Ekki sé um að ræða samhliða aðstæður sem gera hann vanhæfan.

Atvinnuleysisaðstoð

Atvinnuleysisaðstoð er veitt í formi greiðslu vegna atvinnuleysis og tekna vegna virkrar aðlögunar.

Hægt er að inna af hendi sérstaka greiðslu vegna atvinnuleysis til þeirra sem ekki eiga rétt á framlagatengdum bótum vegna þess að þeir eru ekki búnir að inna af hendi nægileg framlög og til þeirra sem hafa verið með framlagatengdar bætur sem fallið hafa niður en eru ennþá atvinnulausir. Iðgjaldafrjálsar bætur eru greiddar eingöngu þeim sem eru í atvinnuleit sem eru með minni en 75% tryggðra mánaðarlegra lágmarkslauna (*salario mínimo interprofesional*), sem búið er að skrá hjá vinnumiðlun í fullan mánuð og hafa ekki hafnað tilboði um hentugt starf eða starfsþjálfunarverkefni á vegum SPEE.

Bótaþegi verður einnig að fullnægja öðrum ákveðnum skilyrðum til að geta öðlast rétt:

- Hann verður að vera með skyldulið og hafa fullnýtt rétt sinn til framlagstengdra atvinnuleysisbóta; eða
- Hann verður að vera yfir 45 ára að aldri, án skylduliðs og hafa fengið framlagstengdar bætur í a.m.k. 24 mánuði; eða
- Hann verður að vera yfir 52 ára að aldri og eiga að öðru leyti (að undanskildum aldri) rétt á eftirlaunalífeyri; eða
- Hann má ekki eiga rétt á framlagstengdum atvinnuleysisbótum vegna þess að hann er búinn að greiða framlög í meir en þrjá mánuði (þegar hann hefur skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu) eða meir en sex mánuði (hefur engum skyldum að

gegna gagnvart fjölskyldu) en minna en 12 mánuðum eða er brottfluttur einstaklingur sem snýr heim frá landi sem ekki er með samning um atvinnuleysisbætur, eða er fangi sem er laus úr fangelsi.

Hægt er að greiða langtímaatvinnulausum einstaklingum tekjur vegna virkrar aðlögunar séu þeir yfir 45 ára (en undir 65 ára). Einnig er hægt að veita þær brottfluttu verkafólki sem er yfir 45 ára að aldri sem er að snúa heim til sín erlendis frá og sem hefur starfað utanlands í a.m.k. sex mánuði, fötluðum einstaklingum, og fórnarlömbum kynbundins ofbeldis eða heimilisofbeldis.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Atvinnuleysisbætur

Fjárhæð atvinnuleysisbóta (*prestación por desempleo*) er breytileg og fer eftir fjölda þeirra sem eru á framfæri innan vissra hámarks og lágmarks viðmiðunarmarka. Þegar um er að ræða algert atvinnuleysi nema bætur 70% útreikningsgrunnns vegna fyrstu 180 daga og 60% af útreikningsgrunni eftir það. Útreikningsgrunnur er meðaltal útreikningsgrunna á sex undangengnum mánuðum. Mælt er fyrir um lágmarksbætur og hámarksbætur.

Þegar um er að ræða atvinnuleysi að hluta eru bætur lækkaðar hlutfallslega,

Einstaklingar sem rétt eiga á atvinnuleysisbótum eiga einnig rétt á læknishjálpi. Þegar um er að ræða aðrar bætur almannatrygginga þá telst tímabilið meðan þeir fá atvinnuleysisbætur vera tryggingartímabil.

Hversu lengi atvinnuleysisbætur eru veittar veltur á því hversu lengi einstaklingur hefur greitt framlög til almannatrygginga næstu sex ár á undan. Hafi framlög verið greidd í a.m.k. 360 daga, er hægt að fá atvinnuleysisbætur í allt að fjóra mánuði. Hafi framlög verið greidd í meir en 2.160 daga, er hægt að fá atvinnuleysisbætur í allt að tvö ár.

Atvinnuleysisaðstoð

Sérstök **greiðsla vegna atvinnuleysis** (*subsídio por desempleo*) er venjulega veitt í 6 mánuði hugsanlega með framlengingum í 6 mánaða tímabilum í hámark sem nemur 18 mánuðum (frekari framlengingar eru hugsanlegar í sérstökum tilvikum). Heimilt er að veita launþega sem er yfir 52 ára að aldri, og sem fullnægir lagaskilyrðum, þessa greiðslu þangað til hann byrjar töku eftirlaunalífeyris.

Venjulega samsvarar iðgjaldafriðla atvinnuleysisgreiðsla 80% opinberrar vísitölu tekjufjárhæðar með margþættum áhrifum (*Indicador Público de Renta de Efectos Múltiples, IPREM*). Langtímaatvinnulausir eldri en 45 ára sem hafa þegið bætur með iðgjaldagreiðslu lengur en tvo ár, geta sótt um sérstaka sex mánaða greiðslu sem nemur allt frá 80 til 133% af *IPREM* vísitölunni, en upphæðin fer eftir fjölda fjölskyldumeðlima.

Bótaþegar eiga einnig rétt á lækniþjónustu.

Tekjur vegna virkrar aðlögunar

Tekjur vegna virkrar aðlögunar (*Renta Activa de Inserción, RAI*) eru inntar af hendi að fjárhæð sem nemur 80% af gildandi *IPREM*. Til dæmis er *IPREM* fjárhæð sem nemur 17,75 evrum á dag, eða 532,51 evrum á mánuði, eða 6.390,13 evrum á ári.

Tekjur vegna virkrar aðlögunar eru greiddar að hámarki í 11 mánuði.

Hvernig á að fá atvinnuleysisbætur?

Stjórn allra atvinnuleysisbóta er stjórnað, þær greiddar ú tog eftirlit haft með þeim hjá [Opinberu vinnumiðlun ríkisins](#) (*Servicio Público de Empleo Estatal, SPEE*), nema þegar um er að ræða starfsmenn sem falla undir sérstakt kerfi fyrir starfsfólk til sjávar en bætur þeirra eru undir stjórn [Félagsstofnunar starfsfólks til sjávar](#) (ISM).

XI. Kafli: Lágmarksframfærsla

Hvenær átt þú rétt á bótum vegna lágmarksframfærslu?

Tekjutengdar iðgjaldafrjálssar bætur fjármagnaðar með skattfé eru greiddar einstaklingum sem eru sérstakri þörf á aðstoð. Bótageiðslur eru ekki háðar geðþóttaákvörðun og fjárhæðir eru breytilegar með hliðsjón af mismunandi þáttum.

Ekki er um neitt iðgjaldafrjálst félagsaðstoðarkerfi að ræða. Engu að síður eru veittar sérstakar iðgjaldafrjálssar lágmarksbætur handa tilteknum flokkum einstaklinga sem eru í sérstakri þörf.

Hin sérstöku skilyrði réttinda til iðgjaldafrjálssra örorkubóta eru

- Aldur: einstaklingur verður að vera minnst 18 ára að aldri og undir 65 ára;
- Búseta: einstaklingur verður að vera löglega búsettur á Spáni og hafa verið heimilisfastur á Spáni í a.m.k. fimm ár, þ.m.t. tvö almanaksár næst á undan umsókn;
- Óvinnufærni eða langvinnur sjúkdómur verður að nema minnst 65%;
- Skortur á nægilegum öðrum tekjum.

Hin sérstöku skilyrði réttinda til iðgjaldafrjálssra eftirlaunabóta eru

- Aldur: einstaklingur verður að vera a.m.k. 65 ára eða eldri;
- Búseta: einstaklingur verður að vera búsettur á Spáni og hafa verið búsettur á Spáni í a.m.k. 10 ár milli 16. afmælisdags og starfslokadags, þ.m.t. tvo almanaksár næst á undan dagsetningu umsóknar, og
- Skortur á nægilegum öðrum tekjum.

Atvinnulausir einstaklingar sem eru löglega búsettir á Spáni kunna að eiga rétt á greiðslum vegna atvinnuleysis í formi [greiðslu vegna atvinnuleysis](#) og [tekna vegna virkrar aðlögunar](#).

Sérstakar lágmarksfjárhæðir eru greiddar spænskum ríkisborgurum sem eru búsettir erlendis og þeim sem snúa aftur heim. Til að eiga rétt verður spænskur ríkisborgari að hafa fasta búsetu í landi þar sem félagslega verndarkerfið er í ójafnvægi. Þeir verða að vera yfir 65 ára að aldri til að eiga rétt á bótum handa öldruðum og milli 16 og 65 ára að aldri til að eiga rétt á örorkubótum. Þeir sem snúa aftur heim og er yfir 65 ára að aldri kunna að eiga rétt, séu þeir spænskir ríkisborgarar fæddir á Spáni og hafa haft fasta búsetu í löndum þar sem félagsleg verndarkerfi eru í ójafnvægi, eða vera einstaklingar af spænskum uppruna sem hafa haft fasta búsetu á Spáni í átta ár áður en sótt var um og hafa haldið spænskum ríkisborgararétti þennan tíma.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Iðgjaldafrjálss örorkulífeyrir

Allir fatlaðir einstaklingar sem eru heimilisfastir fá iðgjaldafrjálssan örorkulífeyri (*pensión de invalidez no contributiva*), gjaldafrjálssa læknishjálp og lyf og viðbótar

félagsþjónustu jafnvel þótt þeir hafi aldrei greitt framlög til almannatrygginga eða hafa ekki gert svo í nægilega langan tíma til að veita þeim rétt á lífeyri á grundvelli framlaga.

Einstaklingur sem telst ekki hafa næga fjármuni til ráðstöfunar er einstaklingur sem er með heildarárstekjur sem eru undir 5.007,80 evrur. Fjárhæðin er leiðrétt miðað við stærð heimiliseiningar (hún er hærri búi fleiri fjölskyldumeðlimir saman). Heimiliseining (efnahagsleg eining) er til staðar í öllum tilvikum þar sem bótaþegi býr með öðru fólki hvort sem viðkomandi eru bótaþegar eð ekki, og er tengdur þeim gegnum hjúskap eða í frændsemistengslum gegnum systkin foreldra.

Lífeyrir er reiknaður á ársgrundvelli (357,70 á mánuði; 14 greiðslur, þ.e. 5.007,80 evrur á ári).

Séu fleiri en einn bótaþegi í efnahagslegu einingunni er fjárhæð fyrir hvern bótaþega reiknuð sem niðurstaða þess deila fjölda bótaþega upp í samtölu lífeyris að viðbættum 70% lífeyris, margfölduðum með fjölda bótaþega að frádregnum einum.

Árslaun eða árstekjur bótaþega mega ekki vera yfir árlegri fjárhæð iðgjaldafrjáls lífeyris um sem nemur meir en 25%. Sé þetta tilfellið þarf að lækka iðgjaldafrjálsan lífeyri til samræmis. Engu að síður má fjárhæð lífeyris ekki fara undir einum fjórða hluta fullrar upphæðar lífeyris (þ.e. 1.251,95 evrur á ári).

Þegar örorkustig er 75% eða meir þarf aðstoð annarra aðila við framkvæmd grundvallarathafnir og er fjárhæð lífeyris bætt upp með fjárhæð sem nemur 50% af virði hennar.

Iðgjaldafrjáls eftirlaunalífeyrir

Allir einstaklingar sem eru á eftirlaunum og þurfa á aðstoð að halda fá bætur í peningum, gjaldfrjálsa læknishjálp og lyf og viðbótar félagsþjónustu jafnvel þótt þeir hafi aldrei greitt framlög til almannatrygginga eða hafa ekki gert svo í nægilega langan tíma til að veita þeim rétt á lífeyri á grundvelli framlaga.

Sömu reglur um útreikning iðgjaldafrjáls örorkulífeyris (nefndar að framan) eiga einnig við um iðgjaldafrjálsan eftirlaunalífeyri (*pensión de jubilación no contributiva*).

Atvinnuleysisaðstoð

Útreikningi greiðslna vegna atvinnuleysis og tekjur vegna virkrar aðstoðar er lýst í kaflanum um atvinnuleysi.

Lágmarksfjárhæð handa spænskum ríkisborgurum sem eru með fasta búsetu erlendis og handa þeim sem snúa aftur heim

Lágmarksfjárhæð fyrir spænska einstaklinga sem eru með fasta búsetu erlendis og handa þeim sem snúa aftur heim (*prestación por razón de necesidad a favor de los españoles residentes en el exterior y retornados*) er reiknuð með tvenns konar hætti. Þegar um er að ræða spænska ríkisborgara sem eru með fasta búsetu erlendis er aðstoð ákveðin árlega af Aðalskrifstofu fyrir þá sem flytjast úr landi (*Dirección General de Emigración*). Þeir sem flytjast aftur heim eiga rétt á fjárhæð sem er jöfn iðgjaldafrjáls eftirlaunalífeyris. Fjárhæð þessi er greidd 12 sinnum á ári (og ekki 14 sinnum eins og varðandi iðgjaldafrjáls lífeyris).

Húsnæðisgreiðsla

Húsnæðisgreiðslur miða að því að létta undir kostnaði við húsaleigu í þeim tilvikum þegar bótaþegi fullnægir meðal annars eftirtalin skilyrði:

- Hann á rétt á iðgjaldafrjálsum ellilífeyri eða örorkulífeyri,
- Er ekki eigandi húsnæðis,
- Er ekki skyldmenni eiganda í þriðja lið.

Húsnæðisgreiðsla nemur 525 evrum á ári.

Félagsþjónusta

Spænska almannatryggingakerfið stjórnar eftirfarandi félagsþjónustu: húsnæði á heimilum fyrir aldraða, heimahlyning, orlof og dvöl á heilsustofnunum, samtök heimila og stúdentagarða handa eldri borgurum, húsnæði á heimilum fyrir þá sem eru líkamlega og andlega fatlaðir, og heilsugæsla (meðferð og endurhæfing).

Starfsfólk til sjávar sem vegna starfs síns hafa dvalist um einhvern tíma í spænskri hafnarborg geta fengið upplýsingar um sérstaka félagsþjónustu, upplýsingar og fjárhagslega aðstoð hjá samtökum „Hús starfsfólks til sjós“ (*Casas del Mar*) sem eru í öllum helstu hafnarborgum.

Hvernig er hægt að fá bætur vegna lágmarksframfærslu?

Iðgjaldafrjáls örorkulífeyrir og eftirlaunalífeyrir er skipulagður eftir svæðum og greiðsla vegna atvinnuleysis og lágmarksgreiðslur handa spænskum einstaklingum sem eru með fasta búsetu erlendis og handa þeim sem snúa aftur heim eru skipulagðar miðlægt.

Iðgjaldafrjáls lífeyrir er viðurkenndur hjá sjálfstjórnarhéruðunum (*Comunidades Autónomas*) sem tekið hafa við starfsemi Stofnunar fyrir aldraða og félagsþjónustunnar (*Instituto de Mayores y Servicios Sociales - IMSERSO*).

Bótaþegum þessara lífeyrisgreiðslna er skylt að tilkynna innan 30 daga um allar breytingar er verða á þeirra högum sem kunna að hafa á réttindi til lífeyris eða á fjárhæð hans. Þeir verða að leggja fram yfirlit yfir tekjur heimilis á síðasta ári fyrsta ársfjórðung hvers árs. Þessar upplýsingar verður skattstjóri að staðfesta.

Sækja þarf um greiðslur vegna atvinnuleysis hjá Vinnumiðlun ríkisins fyrir opinber störf (*Servicio Público de Empleo Estatal - SPEE*) og um lágmarksframfærslu fyrir spænska einstaklinga sem eru með fasta búsetu erlendis og þeirra sem snúa aftur heim hjá Aðalskrifstofu fyrir þá sem flytjast úr landi (*Dirección General de Emigración*).

Beina skal fyrirspurnum varðandi sérstaka þætti félagsþjónustu til *IMSERSO* og varðandi starfsfólk til sjávar til Félagsstofnunar starfsfólks til sjávar (*Instituto Social de la Marina - ISM*).

Almennt er endurheimta bótagreiðslna frá bótaþega lögbundin þegar um er aðræða villur, fjárvik eða vanrækt að tilkynna þjónustustofnunina um breytingar á aðstæðum.

XII. Kafli: Langtíma umönnun

Hvenær átt þú rétt á langtíma umönnun?

Einstaklingur sem skortir eða missir líkamlegt, geðrænt, andlegt eða skynrænt sjálfræði vegna aldurs, sjúkdóms eða vanhæfni og hefur þörf á aðstoð annars aðila til geta framkvæmt grundvallarathafnir daglegs lífs (eða þegar um er að ræða einstaklinga sem eru geðfatlaðir eða með geðsjúkdóm, og þurfa annars konar stuðning til að styðja við sjálfræði þeirra) kunna að eiga rétt á bótum vegna langtíma umönnunar.

Langtíma umönnun er veitt spænskum ríkisborgurum sem hafa verið löglega búsettir á Spáni í a.m.k. fimm ár, en tvö þeirra verða að koma næst á undan þeim degi þegar umsókn var lögð fram. Spánverjar sem flust hafa til útlanda en eru að snúa heim aftur kunna einnig að eiga rétt til bóta. Spánverjar sem flust hafa til útlanda en eru að snúa heim aftur kunna einnig að eiga rétt til bóta.

Bætur eru bundnar skilyrðum um að tekjur og persónulegar eignir fari ekki yfir ákveðin mörk. Annað skilyrði er að einstaklingur verður að þurfa á aðstoð að halda a.m.k. einu sinni á dag við að framkvæma grundvallar athafnir daglegs lífs.

Greina verður á milli þriggja stiga ósjálfstæðis (*grados de dependencia*):

- I. Stig: miðlungs ósjálfstæði (umönnunar er þörf a.m.k. einu sinni á dag);
- II. Stig: mikið ósjálfstæði (umönnunar er þörf a.m.k. tvisvar á dag);
- III. Stig: alvarlegt ósjálfstæði (þörf er stöðugar umönnunar).

Hvert stig innifelur tvö undirstig.

Engin skilyrði eru varðandi aldur en sérstök ákvæði gilda um börn sem eru undir þriggja ára aldri.

Hvaða þættir eru tryggðir?

Hægt er að veita annað hvort bætur í fríðu eða í peningum. Hins vegar er ekki um frjálst val að ræða milli beggja tegunda bóta. Að auki þá er ekki leyfilegt að safna bótum í peningum saman við bætur í fríðu; bætur í peningum eru eingöngu veittar þegar bætur í fríðu eru ekki veittar (t.d. vegna ófærni).

Bætur í fríðu

Mismunandi tegundir aðstoðar á grundvelli bóta í fríðu er veitt á heimili einstaklings sem er ósjálfstæður. Bótaþegi kann einnig að eiga rétt á fjaraðstoð og forvarnarráðstöfunum.

Viðvera á heimilum fyrir daghlynningu og næturhlynningu er veitt sem ein tegund heimahjúkrunar að hluta. Tímalengd og tegund umönnunar veltur á einstaklingsbundnum þörfum bótaþega.

Langtíma heimahjúkrun fer fram á sérstökum stofnunum aðallega á elliheimilum og heimilum fyrir fatlaða.

Bótaþegi verður hugsanlega krafinn um að greiða fyrir hluta þjónustukostnaðar en slík þátttaka fer eftir tegund og kostnaði vegna þjónustunnar og á einstaklingsbundinni fjárhagsstöðu bótaþega.

Bótagreiðslur í peningum

Fjárhæðir langtímabótagreiðslna í peningum eru ákveðnar í lögum og eru mismunandi eftir því á hvaða stigi ósjálfstæði er. Hámarksupphæð á mánuði er 833,96 evrur.

Bætur í peningum eru lækkaðar um fjárhæð annarra tiltekinna opinberra bóta sama eðlis og veittar í sama skyni. Sér í lagi eru langtíma bætur í peningum ósamrýmanlegar: Viðbótarfjárhæð sem veitt er á grundvelli framlagsbundinna bóta vegna alvarlegrar fötlunar; iðgjaldafrjálsar viðbótarfjárhæðir fyrir fatlaða/n dóttur/son á framfæri sem er yfir 18 ára að aldri sem er með örorku sem metin er a.m.k. 75% og sem þarf aðstoð annars aðila; greiðslan (t.d. í iðgjaldafrjálsan örorkulífeyri) vegna aðstoðar sem veitt er af þriðja aðila.

Hvernig er langtíma umönnun metin?

Matsnefnd sjálfstjórnarhéraða (*Comunidades Autónomas*), sem samanstendur af fagfólki á sviði heilbrigðismála og félagsmála metur stig ósjálfstæðis (hæðisstig) á grundvelli Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (ICF) frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni. Hægt er að framkvæma reglulegt endurmat.

Hægt er að veita umönnun á vegum fagaðila, þ.e. stofnunar og veitendum heimahlynningar sem starfa ó vegum hins opinbera, á vegum einkaaðila eða hálf-opinberum aðilum. Ættingjar og fólk sem stendur bótaþega getur starfað sem óformlegir umönnunaraðilar.

Bætur í peningum eru veittar bótaþega sem greiðir hinum óformlega umönnunaraðila. Sá síðarnefndi er skyldutryggður hjá almannatryggingakerfinu.

Viðauki: Hagnýt pósthöng og vefsíður

Nákvæmari upplýsingar um skilyrði sem fullnægja þarf og einstakar bætur almannatrygginga á Spáni er hægt að fá frá opinberum stofnunum sem fara með stjórn almenna félagslega kerfisins.

Að því er varðar málefni almannatrygginga sem varða fleiri en eitt ESB ríki er þér heimilt að leita að tengslastofnun í skráasafni stofnunarinnar sem haldið er uppi af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og er aðgengilegt á:
<http://ec.europa.eu/social-security-directory>.

Fyrirspurnir sem snerta áhrif á tryggingabætur í tveimur eða fleiri aðildarríkjum á að póstsenda á eftirfarandi pósthöng:

Ráðuneyti atvinnu og almannatrygginga

Ministerio de Empleo y Seguridad Social

Agustín de Bethencourt, 4
28071 Madrid

Sími: +34 91 3630000

Bréfsími: +34 91 5332996

Tölvupóstfang: informacionmtin@meyss.es

<http://www.mtin.es>, <http://www.meyss.es>

Ráðuneyti heilbrigðismála, félagsþjónustu og jafnréttis

Ministerio de Sanidad, Servicios Sociales e Igualdad

Paseo del Prado, 18-20
28071 Madrid

Sími: +34 91 596 10 00

Bréfsími: +34 91 596 44 80

Tölvupóstfang: oiac@msssi.es

<http://www.msssi.es>

Aðalskrifstofa tekjudeildar almannatrygginga

Tesorería General de la Seguridad Social

Plaza de los Astros, 5 y 7
28007 Madrid

Sími: +34915038000

Bréfsími: +3491 503841 +3491 5038412

<http://www.seg-social.es>

Tryggingastofnun ríkisins

Instituto Nacional de la Seguridad Social

c/ Padre Damián, 4
28036 Madrid

Sími: 34915688300

Bréfsími: 34915640484

<http://www.seg-social.es>

Landsstofnun heilbrigðismála

Instituto Nacional de Gestión Sanitaria

c/ Alcalá, 56
28071 Madrid

Sími: +34 91 3380365
Bréfsími: +34 91 3380853
Tölvupóstur: informacioningesa@ingesa.msssi.es
<http://www.ingesa.msssi.es>

Stofnun fyrir aldraða og félagsþjónustan

Instituto de Mayores y de Servicios Sociales
Avda. de la Ilustración s/n con vta. A Ginzo de Limia, 58
28029 Madrid
Sími: + 34 901 109 899
Bréfsími: +34 91 7033981
Tölvupóstfang: buzon@imserso.es
<http://www.imserso.es>
<http://www.dependencia.imserso.es>

Vinnumiðlun ríkisins fyrir opinber störf

Servicio Público de Empleo Estatal
c/ Condesa de Venadito, 9
28027 Madrid
Sími: +34 91 5859888
Bréfsími: +34 91 4080017
Tölvupóstur: inem@inem.es
<http://www.sepe.es>

Félagsstofnun starfsfólks til sjávar

Instituto Social de la Marina
C/ Genova, 24
28004 Madrid
Sími: +34917006600
Bréfsími: +34 91 7006716
<http://www.seg-social.es>